

## Menntun og stjórn mál \*

### I

Tvær spurningar vaka fyrir mér í þessum lestri. Hin fyrri er þessi: *er æskilegt að menntakerfinu séu sett samræmd markmið frá dagvistunarskólum til háskóla?* Hin síðari er þessi: *hver gætu þau markmið verið?* Með öðrum orðum: er heilsteypit menntastefna eftirsóknarverð? Og hver á hún þá að vera?

Vinur minn einn, Halldór Guðjónsson, hefur um árabil boðað þá kenningu að frumskylda lýðræðisríkis sé að mennta þegna sína: séu þegnarnir ekki menntaðir verði stjórn ríkisins vit-laus.<sup>1</sup> Þessi kenning er að mínum dómi rökrétt andsvar við þeirri andvökusýn sem Stephan G. lýsir svo:

Og þá sé ég opnast það eymdanna djúp,  
þar erfiðið liggar á knjám,  
en iðjulaust fjársafn á féleysi elst  
sem fúinn í lifandi trjám,  
en hugstola mannfjöldans vitund og vild  
er villt um og stjórnæð af fám.<sup>2</sup>

Svar Stephans G. – eins og flestra ef ekki allra upplýstra manna á

\* Erindi þetta var upphaflega flutt á ráðstefnu Alþýðubandalagsins um menntun í mars 1987, og síðan í Ríkisútvarkinu 24. og 31. mars 1987.

1 Sjá einnig P.A. White: „Education, Democracy, and the Public Interest“, í *The Philosophy of Education*, ed. R.S. Peters, Oxford 1973.

2 Úr kvæðinu „Kveld“, í *Andvökum*, I. bindi, Reykjavík 1953, s. 210-212.

síðari tínum – við eymdinni og erfiðinu og allri vit-leysu heimsins í fjármálum og stjórmálum var aðeins eitt: *menntun*.<sup>3</sup> Frá því á 19. öld (og jafnvel löngu fyrir í sumum löndum) hafa menn trúð á gildi menntunar til að bæta lífskjörin og gera fólk hæft í alla staði til að hafa tök á sínum eigin málum. Rætur þessarar hugsjónar eru hvergi skýrari en hjá Grikkjum til forma sem hófu sjálfstæða, gagnrýna hugsun til vefs og virðingar og lögðu rökræðuna, ekki *kappröðuna*, til grundvallar skiptum manna og athöfnum. Mannlíf ÍS allt á – samkvæmt menntahugsjóninni – að vera mótað af skynsemi, gáfu mannsins til að sjá hvað er satt og rétt, til að fella rökstudda dóma um ástand mála og gera það sem rétt er. Þessi hugsjón birtist hrein og tær í frumreglu Descartes: „Markmið alls náms á að vera að leiðbeina huganum svo að hann felli áreiðanlega og sanna dóma um hvaðeina sem fyrir hann ber“.<sup>4</sup> Hér eru engin skörp skil á milli bóknáms og verknáms. Í öllum störfum veltur allt á skynseminni, gáfu mannsins til að sjá hvað er satt og gera það sem er rétt. Menntahugsjónin er þannig samgróin trúnni á skynsemina og mannlíf í anda hennar undir merkjum sannleika og réttlætis.

Ef við lítum nú til sögunnar blasir við að þessi menntahugsjón hefur fært okkur velferðarríki nútímans. Allt atvinnulíf og viðskiptalíf, skólahald og heimilishald, er undir merkjum þeirrar rökvaðingar sem er bein afleiðing af menntastefnu Vesturlanda frá upplýsingaröld. Rökvaðing þjóðfélagsins veltur á því að allur þorri manna sé skólagenginn og skilji gildi menntunar, kunni ekki aðeins að lesa, skrifa og reikna, heldur geti beitt margvíslegri þekkingu í störfum sínum og raunar lífi sínu öllu. Upplýst alþýða veit hvernig bregðast á við öllum vanda sem að höndum ber. Ef menn ráða ekki sjálfrir við vanda, snúa þeir sér til þeirra sem hafa vit og kunnáttu til að taka á málunum.

Við þessar aðstæður hlýtur höfuðskylda ríkisins að vera

<sup>3</sup> Raunar þekki ég ekki betri lýsingu á menntun en þá sem kemur fram í vísu Stephans:

Þitt er menntað afl og önd  
eigirðu fram að bjóða:  
hvassan skilning, haga hönd,  
hjartað sanna og góða.

<sup>4</sup> René Descartes: *Regulae ad directionem ingenii*, 1. reglan.

menntun þegnanna. Menntun er ekki aðeins nauðsynleg forsenda þess að unnið sé af viti á einstökum sviðum, t.d. við heilsugæslu eða í fiskvinnslu, heldur skilyrði þess að ríkið geti yfirhöfuð sinn sameiginlegum þörfum þegnanna. Stjórnvöld verða að hafa stefnu og þegnarnir verða að skilja hana. Um leið á menntun þegnanna að tryggja aðhald og eftirlit með valdhöfum hverju sinni og gera þeim kleift að losa sig við þá ef svo ber undir.

Hér er mikilvægt samspli á milli stjórmála og menntunar. Sögulega séð hefur aukin menntun og þar með aukin rökvaðing þjóðfélagsins nánast hvarvetna haft í för með sér þróun stjórnarfars í lýðræðisátt. Menntuð alþýða létur ekki segja sér fyrir verkum. Hún þolir illa eða alls ekki einræði eða fámennsstjórn. Hún krefst hlutdeildar í ákvörðunum um sín eigin mál og lætur ekki ráðskast með sig. Þess vegna – svo dæmi sé tekið – hlaut það að vera ein höfuðforsenda fyrir sjálfstæði okkar að eignast háskóla sem væri burðarás okkar eigin stjórnskipunar og lýðræðis.

## II

Áður en lengra er haldið skulum við reyna að gera okkur skýra mynd af þessu samspli menntunar og stjórmála í þjóðfélaginu:



Ríkið er stjórnstofnun þjóðfélagsins.<sup>5</sup> Þar eru teknar ákvarðanir

<sup>5</sup> Í greininni „Hvað eru stjórmál?“ fjalla ég um ríkið og ólík grundvallar viðhorf til þess.

sem varða mál þjóðfélagsins alls, hagsmuni sem varða alla þegnana. Hér geri ég skarpan greinarmun á ríki og þjóðfélagi. Ríkið er grunnur þjóðfélagsins sem stjórmarfarslegrar eða stjórmálalegrar heildar. Með þjóðfélagi á ég hér við heild þeirra samtauka, samskipta og stofnana sem hópur manna í ákveðnu landi eða landssvæði hefur komið á fót í sameiginlegri lífsbaráttu. Þjóðfélagið skiptist í tvö meginvið: svíð þjóðlífssins og svíð einkalífsins. *Þjóðlifið* er borið uppi af viðleitni manna til að skipuleggja samlíf sitt við hvers kyns framkvæmdir og framleiðslu; í þjóðlifinu mótað almenningsálit, tísku og tíðarandi; þar fer fram alls kyns hagsmunabarátta og skoðanaskipti. *Einkalífið* er borið uppi af viðleitni einstaklinganna til að móta sitt eigið líf, bindast öðrum, þroskast og njóta lífsins eftir eigin höfði; hér verður fjölskyldan til og hvers kyns vin-skapur, persónulegt mat á því sem máli skiptir í lífinu, að vissu marki ólíkur lífsstíll frá einum manni til annars og frá einni fjölskyldu til annarrar.

Hlutverk *ríkisins* er að tryggja sameiginlega hagsmuni allra þegna sinna, jafnt á svíði þjóðlífss sem einkalífs. *Stjórnál* snúast um það hvernig það verði best gert. Höfuðspurningin, sem svar á að fást við í stjórnálum, er sú hverjir séu hinir *sameiginlegu* hags-munir þjóðfélagsþegnanna. „Hvað ber að gera sem er sannarlega til góðs fyrir þjóðfélagið sem eina heild?“ Þetta er spurning stjórn-málanna. Og hér skiptast menn í flokka eftir ólíkum skoðunum og ólíku mati á því hvað mestu skiptir fyrir þjóðfélagið í heild.

Því má aldrei gleyma að á bak við flokkadrætti og ágreining í stjórnálum eru sameiginlegir grundvallrarhagsmunir sem ríkið á að gæta. *Verkefni ríkisins* – hver svo sem fer með völd – er að vernda þjóðfélagið gegn hættum sem að því steðja, hvort heldur innan frá (upplausnarástand) eða utan frá (kúgun eða ofríki annarra ríkja).<sup>6</sup> Þetta frumverkefni ríkisins – og í vissum skilningi eina verkefni þess – er fólgioð í því að *tryggja* að mál manna, jafnt í þjóðlifi sem einkalífi, geti gengið vel fyrir sig, eða með öðrum orðum, að skapa nauðsynlegar forsendur fyrir þjóðfélagsþegnana til að takast á við allan vanda í þjóðlifi sem einkalífi. Um þetta er ekki ágreiningur. Það er ekki heldur ágreiningur um það að

<sup>6</sup> Sjá Eric Weil: *Philosophie politique*, París 1966, s. 140.

höfuðaðferð ríkisins við að vinna verk sitt er að mennta þegnana, eða réttara sagt að sjá til þess að þeir afli sér sjálfir menntunar, skapa þeim skilyrði til að verða hæfir þjóðfélagsþegnar. Fyrir utan herskyldu, sem tíðkast í mörgum löndum, er *skólaskyldan* eina almenna verknaðarskyldan sem nútímaríki leggur á þegna sína ásamt með því að greiða skatta. Mönnum ber skylda til að afla sér lágmarks-menntunar til að geta orðið nýtir þegnar.<sup>7</sup> Aðrar skyldur sem ríkið leggur mönnum á herðar eru fyrst og fremst taumhaldsskyldur, ekki boð, heldur bönn. Ríkið sem löggjafar- og löggaðsluvald segir fólk i að virða margvíslegar reglur í samskiptum sín á milli, en skiptir sér ekki af því á meðan þær eru ekki brotnar.

En grunnurinn undir þessu öllu er *menntunin*. Gangur mála í þjóðfélaginu veltur öllu öðru fremur á menntun þegnanna, og þá ekki síst afstaða þeirra til ríkisins og ríkisvaldsins. Ímyndið ykkur hvernig sjálfstæðisbaráttan hefði gengið fyrir sig á 19. öld, ef þorri þjóðarinnar hefði ekki verið læs og skrifandi. Raunar er menntunin svo mikilvæg að einstök dæmi duga engan veginn til að sýna fram á gildi hennar sem vert væri. Það segir sig því sjálft að hverju þjóð-félagi er nauðsyn að hafa heilsteypa menntastefnu. Fyrri spurning míni um það hvort æskilegt sé að setja menntakerfinu samræmd markmið virðist því næsta óþörf, ef ekki beinlínis út í hött. Og sama á við um síðari spurningu mína um það hvernig slík stefna ætti að vera. Höfum við ekki menntakerfi þar sem stefnan er þegar mörkuð?

Nú er einni spurningu ósvarað. Hún er þessi: *gera skólanir þjóðfélagsþegnana hæfa til að takast á við þau verkefni í þjóðlifi sem einkalífi sem að þeim steðja?* Það er freistandi að víkja sér undan því að taka á þessari spurningu, t.a.m. á þeirri forsendu að enginn sé þess umkominn að svara henni á viðunandi hátt, málið sé svo flókið og viðamikið að engin leið sé til þess; auk þess sé hér um

<sup>7</sup> Hér er raunar um miklu víðtakara mál að ræða. Núorðið þurfa menn að afla sér með skólagöngu og prófum tiltekinna réttinda til að fá að vinna ákveðin störf. – Á 19. öld og fram eftr 20. öld var menntun allrar alþýðu manna af sama tagi. Með sundurgreiningu menntunarinnar tvístrast meðal annars verkalyðurinn sem Karl Marx vildi á sínum tíma að sameinaðist í einn flokk. Pessi sundurgreining veldur því að verkalyðsflokkur í stjórnálum á naumast lengur rétt á sér. Nema skilgreiningunni á því hvað „verkalyður“ er-verði breytt.

hreint matsatriði að ræða, því hljóti skoðanir að vera skiptar og ekki unnt að komast að öruggum niðurstöðum. En það má víkja sér undan spurningunni á annan hátt, nefnilega með því að benda réttilega á að það sé ekki í verkahring neins eins manns eða hóps manna að taka á þessari spurningu: það sé einmitt verkefni ríkisins og þá fyrst og fremst menntamálaráðuneytisins að glíma við þetta. Og það er auðvitað laukrétt. Þetta er og á að vera höfuðskylda ríkisins, jafnvel sú eina ásamt því að halda uppi lögum og reglu. Og jafnvel það að halda uppi lögum og reglu má fella undir þessa skyldu, því að það ræðst fyrst og síðast af menntun þegnanna *hvers konar* lögum og reglu ríkinu tekst að halda uppi.<sup>8</sup>

Hvernig rækir íslenska ríkið þá frumskyldu sína að stuðla að menntun þegna sinna og hvers konar menntun er fólk gefinn kostur á í þessu þjóðfélagi? Hvers konar menntastefna er það í reynd sem íslenska ríkið reynir að framfylgja og hvernig tekst því til? Eigum við ekki að vinda okkur niður í menntamálaráðuneyti og fá skýr svör við þessari spurningu? Við kæmum sennilega út með bunka af lögum og frumvörpum, reglugerðum og námsskráum að ógleymdum margvíslegum skýrslum og álitsgerðum, þar á meðal nýja skýrslu frá OECD, og gætum sest niður við að lesa. En nú vitum við mæta vel að lög og reglugerðir eru eitt, veruleikinn annað. Við erum ekki heldur að leita að skýrslum sem eru ekki annað en samtíningur af upplýsingum um ótal einstök atriði og sundurleitum skoðunum höfunda sinna. Við viljum einungis fá að vita hver sé stefna og viðleitni íslenska ríkisins sjálfs til að gera þegna sína hæfa til að byggja þetta land, halda uppi sjálfstæðu ríki og menningu.

Sannleikurinn er sá að við eignum ekki að þurfa að fara eitt eða neitt til að fá svar við spurningu okkur: svarið eiga allir þegnar þjóðfélagsins að vita í aðalatriðum. Það segir sig sjálft, vegna þess að í húfi er brýnasta hagsmunamál þjóðarinnar og höfuðverkefni ríkisins. Þess vegna á ekki að þurfa að spryrja hver stefnan er: markmiðin eiga að vera gefin og leiðirnar ljósar.

Staðreyndin er sú að svo er ekki: við vitum ekki og það veit


enginn hver markmið menntakerfisins eru. Það virðist ekki keppa vísvitandi að neinum markmiðum. Þar með er ekki sagt að það hafi ekki stefnu eða réttara sagt stefnur. Markleysi kerfisins lýsir sér öllu heldur í því að fólk veit ekki hvort skólanir skila þjóðfélaginu hæfum þjóðfélagsþegnum og efast jafnvel stórlega um að þeir geri það. Kannski er skýrasta merkið um ástandið að það eru ekki einu sinni nein skýr ágreiningsmál um það hver stefnan sé eða skuli vera. Menn rífast að vísu stöku sinnum út af einstökum málum, t.d. út af Tjarnarskólanum og brottvikningu fræðslustjóra, þar sem vissulega virðist tekist á um stefnu og framkvæmd í skólamálum; en þess háttar mál koma hvergi næri kjarna vandans. Kjarni vandans lýtur að því hvers konar menntun það er sém íslenskt menntakerfi stendur fyrir og stuðlar að.

Áður en lengra er haldið skulum við staldra við. Nú kann einhverjum að þykja lýsing míni á ástandi íslenskrar menntaumræðu fela í sér þungan áfellisdóm. Annar telur þennan dóm einungis láta í ljós mína skoðun á málinu og hann hafi þess vegna ekkert almennt gildi; aðrir líti málid allt öðrum augum. Hvorugt á við rök að styðjast. Ég er ekki að kveða upp áfellisdóm, heldur að lýsa staðreyndum. Það er staðreynd að vísvituð íslensk menntastefna er engin til. Mér vitanlega hefur ekki einu sinni verið gerð markviss tilraun til að móta slíka stefnu fyrir menntakerfið í heild. Þess vegna er full ástæða til að spryra hvort við viljum yfirleitt hafa slíka stefnu og taka menntamál okkar föstum tökum. Flest bendir til hins gagnstæða. Að staðhæfa á hinn bóginn að þessi dómur sé einungis míni skoðun, sem sé auðvitað jafn góð eða jafn lítilsverð og skoðun hvers sem vera skal, er einfaldlega að loka augunum fyrir því sem ég er að benda á, nefnilega að íslensk menntastefna er engin til: ef hún væri til þá ættu allir, bókstaflega allir sem á annað borð leiða hugann að þessum málum og það gera í reynd langflestir, að vita af henni og geta áttáð sig á henni, þegar hugur þeirra stendur til þess. – Af þessum sökum tel ég ríka ástæðu til að spryra hvort æskilegt sé að menntakerfinu séu sett samræmd markmið og hver þau gætu verið.

<sup>8</sup> Í *Málsvörn Sókratesar* segir að það séu lögir sem mennta þegnana, en þessu má snúa við og segja að menntunin setji mönnunum lög: helst atti ekki að vera þörf á öðrum lögum en þeim sem menntun manna setur þeim.

## III

Í ljósi þess sem áður er rakið um frumskyldu ríkisins blasir við að því er nauðsyn að hafa markvissa menntastefnu. Spurningin er hver hún ætti að vera. Frá sjónarholi ríkisins er *tilgangur* menntunarinnar augljós: hann er sá að gera þegna sína að nýtum mönnum, gera þá hæfa til að taka á verkefnum í þjóðlifi sem einkalífi. Fyrsta spurningin er þá þessi: hver eru verkefnin sem þjóðfélagsþegnarnir eiga að vera hæfir til að takast á við? Líttum aftur á myndina sem ég dró upp af samspili stjórnmmála og menntunar í þjóðféluginu og breytum henni svolítið:



Þessi verkefni má draga saman í þrjá meginflokk: (a) stjórnmmálaverkefni, (b) efnaþagsverkefni, (c) menningarverkefni.<sup>9</sup> Við þessi verkefni glíma menn jafnt í þjóðlifi sem einkalífi, en þau horfa ólíkt við eftir því frá hvorri hliðinni horft er á þau.

Frá sjónarholi ríkisins hljóta stjórnmmálaverkefnin að koma fyrst. Ríkið þarf að viðhalda sjálfu sér, og það getur það einungis gert með því að ætlast til þess af þegnum sínum að þeir skilji og virði stjórnskipun ríkisins og aðgerðir stjórnvalda. Ríkið á að gæta hagsmuna alls almennings. Allir sem starfa á vegum ríkisins, hvort sem þeir eru kjörnir eða ráðnir til starfa, eiga að hafa almannahell

<sup>9</sup> Nánari skyringu á þessum þremur meginviðum þjóðfélagsins er að finna í greinunum: „Vísindi og samfélag“, „Hvað er fátækt?“ og „Heimspekkideild, háskólinn og þjóðfélagið“.

að leiðarljósi. Þetta er úrslitakrafa þar sem stjórnmál snúast eðli sínu samkvæmt einkum um hagsmuni og dreifingu lífsgæðanna í þjóðféluginu. Einkahagsmunum má aldrei hampa á kostnað almannahaillar. Pessi regla virðist vera í fullu gildi hvort sem í hlut eiga einræðisríki eða lýðræðisríki. Ástæðan er sú að ríkið – hvert sem stjórnarfarið er – er hvarvetna til þess gert og hugsað að tryggja og vernda það sem er heildinni til góðs. Ef einkahagsmunir eru teknir fram yfir aðra einkahagsmuni, þá er það ævinlega gert í nafni almannahagsmuna (hvort sem svo er í reynd eða ekki).

Af þessu leiðir uppeldishlutverk ríkisins. Ríkið verður að kenna þegnum sínum að skilja og virða almannahaill og tengja eigin-hagsmuni sína við hana. Takist það ekki á ríkið sífellt á hættu að þegnarnir rísi gegn því og að upplausnarástand skapist í þjóðféluginu. Meginverkefni ríkisins er einmitt að koma í vég fyrir slíkt. Þess vegna verður ríkið að halda uppi stöðugum áróðri fyrir gildi sínu og langöflugasta tæki þess í því skyni eru skólanir og menntakerfið í heild. Og þetta er ástæðan til þess að skólanir mega ekki stunda annan stjórnmmálaáróður en þann sem brýnir fyrir nemendum að virða ríkið. Þeir eiga að vera hlutlausir um stjórnmál og stjórnmmálaskoðanir að öllu öðru leyti. Áróðurinn í þágu ríkisins er þess vegna gjarnan settur fram í mynd *fræðslu* um ríkið, stofnánir þess, sögu og mikilvægi fyrir þjóðfélagið.

Eitt höfuðmarkmið menntakerfisins blasir við: *stjórnmmála-menntun* þegnanna. Ef *lyðræðisríki* á í hlut, hlytur þetta markmið að hafa forgang í menntakerfinu. Sjálf lýðræðishugsjónin felur í sér að þjóðféluginu sé stjórnæld með frjálsu samþykki þegnanna. Þess vegna verða að vera til opinberar og viðurkenndar leiðir fyrir þegnana til að kynna sér og gagnrýna ákvarðanir og stefnu stjórnvalda; engin stétt eða hópur manna má njóta forrétinda í þessum efnum, því að hér hafa allir þjóðfélagsþegnar sameiginlegra hagsmuna að gæta og því sameiginleg verk að vinna.<sup>10</sup> Í lýðræðis-þjóðfélagi hlytur höfuðmarkmið stjórnmmálamenntunar að vera að aga og þjálfra með þegnunum sjálfstæða gagnrýna hugsun. Ef stefnt er að þessu markmiði hefur það víðtækar afleiðingar fyrir

<sup>10</sup> Sjá Israel Scheffler: „Moral Education and the Democratic Ideal“, í *Reason and Teaching*, Indianapolis 1973, s. 137.

menntakerfið í heild. Hinir almennu skólar eiga ekki og mega ekki líta á það sem hlutverk sitt að skila nemendumum út í þjóðlifið í því skyni einu að þeir verði þar hæfir til að ganga inn í tiltekin störf. Jafnvel sérskólar, sem hafa það yfirlýsta markmið að mennta fólk til tiltekinna starfa, verða að rækja hina lýðræðislega skyldu: að gera nemendur sína hæfari til að gegna þegnlegum (eða stjórmálalegum) skyldum sínum með því að þjálfstaða dómgreind þeirra og efla skilning á málefnum samfélagsins. Höfuðmarkmið lýðræðislegrar stjórmálamenntunar er að kenna fólk að bera skynbragð á ólíka hagsmuni og það sem horfir til almannaheillar.

Stjórmálamenntunin hlýtur að hafa forgang og vera höfuðmarkmið menntakerfisins, því að það er hún sem gerir menn fyrst og síðast að hæfum þjóðfélagsþegnum.<sup>11</sup> En ríkið hlýtur jafnframt að ætlast til þess að menntakerfið geri fólk hæft til að takast á við efnahags- og menningarverkefni þjóðfélagsins. Í ríki eins og okkar þar sem *menningarleg sérstaða* er grunnur stjórnarfarslegs sjálfstæðis<sup>12</sup> verður ríkið að leggja ofurkapp á að allir öðlist ítarlegan og jafnvel djúpan skilning á gildi menningarinnar, varðveislu tungunnar, bókmennataarfinum o.s.frv. Ég ætla ekki að fjölyrða um það höfuðmarkmið menntakerfisins sem hér kemur til álita. Þetta er eina menntamarkmiðið sem mér virðast allir stjórmálamenn og allur almenningur á Íslandi vera á einu máli um. Þjóðin öll hefur það markmið að varðveita og styrkja íslenska menningu.

Hér kann að vera ein höfuðskýringin á því hvers vegna stjórnvöld hafa ekki lagt sig eftir að móta vísvitaða og markvissa menntastefnu. *Menningarmarkmiðið* hefur haft slíkan forgang og verið svo augljóst að mönnum hefur ekki þótt ástæða til að athuga hvort

<sup>11</sup> Gunnar Karlsson hefur birt stutta grein þar sem hann ræðir þörfina fyrir pólitiskt uppledni: „Um pólitiskt uppledni“, í *Tímariti Máls og menningar*, 40. árg. 2. hefti, 1979, s. 133-137.

<sup>12</sup> Flest önnur ríki byggja stjórmálasjálfstæði sitt fremur á eigin stjórnarfarsarfi og efnahagsrökum, enda eru langflest ríki byggð mismunandi þjóðum eða þjóðarbotrum, sem ekki eru ein menningarheild líkt og Íslendingar. Jafnvel smáþjóð eins og Danir er ekki menningarheild með sama hætti og við. Hin sögulegu rök fyrir einingu þeirra eru stjórmálaleg fremur en menningarleg. Frá sjónarholi Dana gátu Íslendingar þess vegna mæta vel verið hluti af Danaveldi líkt og Færeyingar og Grænlendingar.

menntakerfið stefndi í reynd að þessu markmiði, hvað þá að gefa sérstakan gaum að öðrum höfuðmarkmiðum skólakerfisins eða að ræða markmið menntakerfisins yfирhöfuð. Stjórmálamenntunin hefur einkum liðið fyrir þetta. Sjálfst orðið „stjórmálamenntun“ er sennilega nýyrði! Þar með er auðvitað ekki sagt að skólanir hafi ekki veitt slíka menntun. Þessi þáttur skólafræðslunnar hefur vafalaust sífellt verið að aukast, en með oldungis ómarkvissum hætti. Eftir heimildum mínum er engin skipuleg fræðsla um ríkið, stofnanir þess, starfshætti, hlutverk og annað í þeim dúr veitt í grunnskólam landsins, hvað þá að nemendum sé skipulega og samkvæmt námsskrá innrætt virðing fyrir frumreglum lýðræðisins, umburðarlyndi, réttlæti, samstöðu, rökvíslegri hugsun, ábyrgð gagnvart öðrum og kröfum um heiðarleika og hreinskilni. Auðvitað má segja að í þessum efnum læri nemendur fyrst og fremst af því sem fyrir þeim er haft. Í þessum skilningi gegna allar stofnanir þjóðfélagsins mikilvægu menntunarhlutverki.<sup>13</sup> En það er merki um djúpstætt og alvarlegt hugsunarleysi ef menn ímynda sér að þetta lærist ósjálfrátt og að ekki þurfi að fræða menn skipulega um þessi verðmæti. Sannleikurinn er enda sá að við Íslendingar höldum þessi gildi ekki í hávegum. Ef við viljum bæta stjórmál okkar og þar með allan gang mála í þjóðfélaginu, blasir við gífurlega brýnt verkefni í grunnskólam og jafnvel öllum skólam landsins.

Samfara því að menningarmarkmið skólanna hefur verið sjálfgefið og stjórmálamenntunin vanrækt, hafa margir haldið á lofti mikilvægi þess að mennta þegnana til þátttöku í efnahagslífinu og til að gegna sérstökum störfum í þjóðfélaginu. Hér hefur stefna íslenskra stjórnvalda verið sú að halda uppi sérskólam af ýmsu tagi. Engin heildarlöggjöf hefur þó verið sett í þessu skyni, heldur hafa allar ákvarðanir miðast við tiltekin verkefni og tilteknar aðstæður. Happa og glappa aðferðinni hefur því verið skipulega beitt til að ná þessu mikilvæga markmiði að þegnarnir verði hæfir til að takast á við hin sundurgreindu verkefni atvinnulífsins. Og ennþá boða menn ákaft þessa stefnu með því að leggja til að í menntakerfinu verði settar á laggirnar stuttar, hagnýtar námsbrautir á

<sup>13</sup> Sbr. Scheffler, op.cit. s.139.

hinum og þessum sviðum, allt eftir stundarhagsmunum einstakra atvinnugreina.

Vandi ríkisins hér er þessi: hvernig er unnt að tryggja það að þjóðfélagsþegnarnir afli sér þeirrar starfsmenntunar sem gerir þá hæfa til að sinna hinum margvíslegustu störfum sem vinna þarf í þjóðféluginu? Mér virðist að ríkið geti og þurfi að beita þemur ólíkum aðferðum til að ná þessu markmiði. Tvær fyrri aðferðirnar eru sjálfgefnar. Hin fyrri er sú að tryggja góða undirstöðumenntun sem geri þegnana hæfa til að afla sér hverrar þeirrar starfsmenntunar sem þörf kann að reynast fyrir. Hin síðari er sú að setja á fót tilteknar starfsmenntunarleiðir, svo sem gert hefur verið á ýmsum sviðum. Þriðja aðferðin er sú að búa í haginn fyrir atvinnugreinar (eða fyrirtæki ef því er að skipta) til að finna sjálfar sem bestar leiðir til að mennta starfsmenn sína. Að ætla hinu opinbera menntakerfi að veita alla þá starfsmenntun sem atvinnugreinarnar kunna að þarfnast er öldungis óraunhæft. Raunar hlytur ein tiltekin starfsmenntun að hafa forgang, því að hún er forsenda þess að menntakerfi þjóðfélagsins fái þrifist, en það er menntun kennara. Ríkið á ekki að kosta allt skólahald í landinu, en því ber tvímæla-laust skylda til að sjá til þess að hæfir kennarar fáist til starfa á öllum skólastigum og á öllum þeim sviðum þar sem fræðslu er þörf til að menn geti unnið verk sín sómasamlega.

## IV

Nú tel ég mig hafa gert því örlítil skil hver ættu að vera höfuðmarkmið menntakerfisins með hliðsjón af meginverkefna-sviðum þjóðfélagsins, stjórnmálum, menningarmálum og efna-hagsmálum. Ég hef lagt áherslu á það markmið sem ég tel mest vanrækt í íslenska skólakerfinu, það er stjórnmálamenntunin. Mér virðist að markmiðið sem í reynd hefur notið forgangs sé bundið menningunni, án þess þó að nokkur vísvituð stefna í skólamálum hafi verið mótuð á þeim grunni. Menn hafa gengið að menningarmarkmiðinu vísu og þess vegna talið óþarft að ræða markmið skólakerfisins yfirleitt. Þar með er þó ekki fengin skýring á hinu raunverulega stefnuleysi skólakerfisins.

Í hverju er stefnuleysi skólakerfisins fólgjíð og hvernig má hugsanlega ráða bót á því? Stefnuleysið kemur skýrast fram í skorti á samræmdum markmiðum frá einum skóla til annars og frá einu skólastigi til annars. Raunar má segja að hvert skólastig hafi sína stefnu eða stefnur: grunnskólinn hafi eina eða fleiri, framhaldsskólarnir hafi sínar stefnur, frábrugðnar grunnskólunum og jafnframt ólíkar innbyrðis. Svo hafa sérskólarnir hver sína stefnuna. Og loks hefur háskólinn einar átta eða níu stefnur. Í sjálfu sér er ekkert athugavert við það að stefnan sé ólík frá einu skólastigi til annars og frá einum skóla til annars svo framarlega sem samræmi er í meginmarkmiðum og á milli ólíkra skólastiga. Og að sjálfssögðu þurfa nemendur eða forráðamenn þeirra einnig að vita hver höfuðmarkmiðin eru við upphaf hverrar skólagöngu, til hvers sé ætlast og að hverju sé stefnt. Það gildir það sama um náfn og aðra vinnu að það þarf að þjóna tilgangi. Skýr og samræmd markmið í skólakerfi eiga að gera tilganginn ljósan og þar með á skólastarfið allt að verða árangursríkara.

Það má líkja skólanum við fiskiskipaflotha. Skipin róa á ólík mið, útvistin er mislöng og gengið er frá aflanum um borð á óliska vegg. Flotanum öllum er stefnt á miðin. Öllum er ætlað að fiska og fiska vel. Nú tekur hver skipstjórn stefnuna á miðin eftir því sem hún hefur þekkingu og vit til. Skipinu verður ekki styrt frá landi. Vindar blása, skipið hrekur af leið. Þá þarf skipstjórnin að ákveða hvernig stefnunni skuli náð á nýjan leik. – Ég ætla ekki að útfæra þessa líkingu nánar. Hún segir okkur að *menntastefna* sé eitt, *stjórn skólamála* annað. Stefnan segir hvert skuli fara, stjórnin segir hvernig það skuli gert. Á þessu tvennu er reginmunur. Stefnan segir ekki hvernig skuli stjórna og stjórnin segir ekki hver stefnan sé. Þess vegna er bæði hægt að *stjórna stefnulaust* og að *stefna stjórnlaust* út í buskann. Og hvort tveggja á við íslenska skólakerfið: því er stjórnæld stefnulaust og það stefnir út í bláinn. Auðvitað geta einstakir skólar talið sig vita hvert þeir stefni, en það segir ekkert um stefnu skólaflotans. Og auðvitað er skólanum stjórnæld misvel eins og gengur.

Höfuðhættan við *stefnulausa stjórn* er ofríki stjórnenda. Stefnuleysi felur í sér málefnaleysi: þá er til einskis barist og að engu stefnt öðru en því að sýna valdið, njóta valdsins, en án markmiðs,

og hér kemur ábyrgðarleysið til sögunnar: menn skeyta ekki um afleiðingar gerða sinna. Stefnulaus stjórn á sér einungis eitt markmið: eflingu valdsins til að stjórn. Þess vegna dregur stefnulaus stjórn að sér allt vald eins og hún frekast getur. Hún þolir ekki valddreifingu. Hún hefur því í för með sér stöðuga og ómarkvissa miðstýringu.

Nú má hugsa sér tengsl *stefnu* og *stjórnar* með ýmsum hætti eftir því hvort á í hlut einstaklingur, fyrirtæki eða ríki. Einstaklingur þarf að hafa stjórn á lífi sínu og stefnu til að miða við, þó ekki sé aðra en þá að láta hverjum degi nægja sínar þjáningar. Fyrirtæki þarfnað góðrar stjórnar og sveigjanlegrar stefnu eftir því hvernig framleiðslan eða þjónustan gengur. Ríkið er á hinn bóginn hvorki einstaklingur né fyrirtæki: það þarfnað stefnu til langs tíma og daglegrar stjórnar sem sífellt tekur mið af langtíma stefnu engu síður en hversdagslegum aðstæðum. Þetta á við öll málefni ríkisins, en þó fyrst og fremst menntamálin. Menntamálin eru eilífðarmál ríkisins. Ef þau fara í hundana fara öll önnur mál ríkisins það líka.

Hér er mikilvægur munur á stjórn efnahagsmála og menntamála. Góð stjórn efnahagsmála kann að þarfnað hentistefnu: menn breyta þá stefnunni í efnahagsmálum eftir því hvaða markmiðum menn telja sig geta náð hverju sinni til að stuðla að auknu réttlæti í þjóðfélaginu; þannig hækkar ríkið laun opinberra starfsmanna eitt árið, en lækkar skattbyrði fyrirtækja annað árið. Í menntamálum er slík hentistefna út í hött, því að hún kemur í veg fyrir að nokkrum markmiðum verði náð, nema þá af slembilukku. Stjórn menntamálananna lýtur að sama skapi öðrum lögum en stjórn efnahagsmála. Hér er allt komið undir frumkvæði, dugnaði og ábyrgð þeirra sem starfa í skólunum sjálfum. Hin raunverulega stjórn er í höndum skólanna sjálfra. Hvað sem hver segir og hvað sem hver vill. Að endingu er það í kennslustofunni sjálfri sem mikilvægustu ákvarðanir eru teknar í menntamálum þjóðarinnar, en ekki í menntamálaráðuneytinu. Svona er þetta og svona verður það.

Sú stjórn skólamála sem fram fer í menntamálaráðuneytinu á fyrst og fremst að gera skólunum kleift að axla ábyrgð sína, en auðvitað ekki að vasast í innra starfi skólanna. Í reynd er stjórin einkum fólgin í því að sjá til þess að þjóðfélagið leggi það fé af mörkum sem þarf til að kosta skólanu, því að þann kostnað hljóta

þegnarnir sjálfir að bera. Höfuðhlutverk ríkisins er það eitt að halda samræmdri menntastefnu á lofti og fylgjast með því hvernig til tekst um framkvæmd hennar. Og hér hvílir ábyrgðin auðvitað ekki á kjörnum eða ráðnum stjórnvöldum einum, heldur á þjóðfélagsþegnunum öllum sem verða sífellt að hafa vakandi auga með stjórnvöldum sínum. Lyðræðisríki hefur hvorki stefnu í málum sínum né stjórn á þeim nema það sé vilji þegnanna.

Hver skyldi vera skýringin á því raunverulega stefnuleysi sem einkennir íslenskt menntakerfi? Hvernig stendur á því að stjórnvöld eða skólamenn hafa ekki skipulega lagt niður fyrir sér markmið skólakerfisins og aðferðirnar til að ná þeim markmiðum? Hvað veldur því að mönnum hefur þótt slík stefnumótun vera ástæðulaus? Það er ófullnægjandi skýring að sega að ráðamenn hafi ekki gefið gaum að skólamálum, þeir hafi gerst sekir um vítaverða vánrækslu. Ef svo væri, þá yrði sökinni alls ekki velt yfir á ráðamennina eina, heldur á allan almenning sem hefði látið þá komast upp með slíkt ábyrgðarleysi í starfi. Nú er það á hinn bóginn staðreynd að ríkið hefur kostað miklu til skólamála og allur almenningur verið fús til að leggja sitt af mörkum í þeim efnunum. Vilja og viðleitni hefur ekki skort. Og þó að launakjör kennara og vinnuskilyrði í skólum hafi verið fyrir neðan allar hellur, þá er rót þess vanda ekki sú að stjórnvöld hafi af ráðnum hug vanrækt þá hagsmuni sem hér eru í húfi. Hin síðari ár hefur síst minni peningum verið varið hlutfallslega til skólamála en áður, og enginn umtalsverður ágreiningur verið meðal stjórmálauflokka í þessum efnunum mér vitanlega.

Skýringin á þessu ástandi mála – á hinu raunverulega stefnuleysi, sammæli manna um gildi menntunar og viðleitni til eflingar skólanna – leynist að mínum dómi í rótgrónu og óumdeildu viðhorfi til menntunarinnar sjálfarar eða réttara sagt til þess hvernig menntunar er aflað. Þorsteinn Gylfason kemur að þessu viðhorfi í grein sem nefnist „Að hugsa á íslenzku“, þar sem hann ræðir um þann kost tækninnar að hana megi kenna. Þorsteinn segir:

Sá kostur tækninnar að hana má kenna ætti að verða mönnum æ ljósari eftir því sem skólar gerast fjólskipaðri og kennarar eftir því misjafnari að öllu öðru leyti en þeirri tækni sem þeir hafa tileinkað sér. Með nokkurri frekju má kannski segja að skólnir, þær viðamiklu stofnanir samfélagsins sem helgaðar eru fræðum og vísindum, eigi tveggja kosta völd: að starf þeirra sé annaðhvort agalaust kjaftæði eða andlaus íþrótt.

Agalaust kjaftæði nýtur að vísu nokkurrar hylli, til að mynda í heimspeki og fagurfræði, en flestir fræðimenn mundu að líkindum vilja skipa sér undir merki tækninnar, svo takmörkuð sem hún er. Og margir þeirra munu vera nógu hreinskilnir til að kannast við, fyrir sjálfum sér og öðrum, að tæknin sé innantóm: að aðalsmerki fræða og vínsinda sé andleysi þeirra.

Og Þorsteinn bætir við:

Sjálfur get ég ekki orðað þetta betur en gammal maður austur í sveitum sem einn nemenda minna í Háskólanum hitti að máli á liðnu sumri. Hann sagði við stúdentinn: „Þið, þetta skólafolk, eruð alltaf að læra svo það er ekki von þið hafið tíma til að mennta ykkur.“ Af þessum orðum má meðal annars ráða að enn eru til menn sem kunna að hugsa á íslenzku. Skyldu þeir hafa lært það í íslenzkum skóla?<sup>14</sup>

Hér gerir gamli maðurinn skarpan greinarmun á menntun og lærðomi, eða ef menn kjósa heldur það orðalag: á *menntun* og *fræðslu*. Menntakerfið íslenska er fyrst og frémst réttnefnt fræðslukerfi, sem merkir einfaldlega að menntunin, sem það veitir, er fólgin í tiltekinni kunnáttu. Í skólum eiga nemendur að læra. Þeir eiga að læra að lesa, skrifa og reikna og öll önnur fræðsla byggir á þessum grunni. Og það sem er óumdeilt – en hins vegar *umdeilanlegt*, eins og gamli maðurinn, sem Þorsteinn vitnar til, benti réttilega á – er að öll fræðslan sé og eigi að vera menntandi, þ.e.a.s. eigi að stuðla að þroska nemenda, gera þá hæfari sem *manneskjur* til að heyja lífsbaráttuna og njóta lífsins. Halldór Guðjónsson kom að þessu sama í erindi um daginn, þegar hann sagði þess engin dæmi að viðskiptafræðingur hefði orðið að manni, þó að margur ágætis maðurinn hefði orðið að viðskiptafræðingi. Viðskiptafræði sem tæknileg námsgrein er ekki þroskandi í sjálfu sér, og sama gildir um öll fög, nema þau séu stunduð og kennd á þann veg að menn læri sjálfir að tilreiða þau, megni sjálfir að búa til námsefnið sem þeir eiga að læra. Sem er auðvitað óhugsandi þegar fræðigrein á í hlut, nema menn séu þegar búnir að ná mjög góðu valdi á henni, og jafnvel þá er með öllu óvist að þeim takist að verða sjálfstæðir, skapandi fræðimenn.

Eðli allrar fræðslu er að skilja menn eftir ófullnægða: fræðslan fær mönnum í hendur tæki í mynd kunnáttu af öllu tagi, en án þess

<sup>14</sup> Þorsteinn Gylfason: „Að hugsa á íslenzku“, í *Skírn* 1973, bls.133.

að segja þeim til hvers og hvernig þeir eiga að nota það sem þeir hafa lært, ef það er yfirleitt til nokkurs skapaðs hlutar. Eðli menntunar er á hinn bóginn að fullnægja mönnum: menntunin segir mönnum hvað máli skiptir og hvað ekki, til hvers þeir geta lifað lífinu og hvernig þeir eiga að fara að því; hún kennir mönnum að beita eigin dómgreind, nýta frelsi sitt til að móta sína eigin lífshætti og lífsstíl.<sup>15</sup>

Fræðslan er í vissum skilningi forsenda menntunar, nauðsynleg forsenda, en engan veginn nægileg forsenda. Menntunin ræðst fyrst og fremst af vilja mannsins til að menntast, til að ráða sér sjálfur, kunna skil á verðmætum lífsins og tilgangi, læra af reynslunni, kunna að vera einn en deila þó lífinu með öðrum, vita hvað er til góðs og hvað til ills. *Allt þetta má og þarf að kenna*, en það verður ekki gert með fræðslu í hefðbundnum stíl. Það er marklaust að ætla að fræða menn um tilgang lífsins. En það er hægt að kenna mönnum að *hugsa* um tilgang lífsins. Á þessu tvennu er ekki stigsmunur, heldur eðlismunur. Í allri fræðslu er hugsað *fyrir* fólk, hugsun þess er stýrt eftir ákveðnum brautum, menn læra að framkvæma ákveðnar aðgerðir, ef svo má að orði komast. Í þessum skilningi er öll fræðsla tæknilegs eðlis, eins og Þorsteinn benti á. Um *menntun* gegnir allt öðru máli: hér veltur allt á því hvað hver og einn hugsar af eigin rammleik, og kennslan er öll fólgin í sífelldri hvatningu til að takast á við spurningar sem engin örugg og rekjanleg svör eru til við. Eða ef slík svör eru fyrir hendi, þá er kennslan fólgin í því að sýna fram á að þau standist ekki og að nemandinn verði sjálfur að svara spurningunum upp á eigin spýtur og bera ábyrgð á sínum svörum.

Í skólakerfi þar sem fræðslan hefur algeran forgang lendir menntunin utangarðs: hinum mikilvægustu spurningum um tilgang hlutanna og merkingu er ýtt skipulega til hliðar sem marklausum eða óviðráðanlegum. Ef þær brjóta sér samt leið gegnum varnar-múra allsráðandi fræðsluhefðar, þá kynda þær undir „agalausukjaftæði“, eins og Þorsteinn Gylfason bendir á í áðurnefndri grein.

<sup>15</sup> Sbr. Eric Weil: „L'éducation en tant que problème de notre temps“, í *Philosophie et réalité*, París 1982, s. 297-309. (Upphaflega á ensku: „Education as a problem of our time“, *Confluence: an international forum*, VI, n° 1, 1957, s. 40-50.)

Og alvarlega þenkjandi skólamenn kjósa þá heldur að „skipa sér undir merki tækninnar, svo takmörkuð sem hún er“.

## V

Það hníga mikilvæg stjórnmálarök að því að menntun verði sett á dagskrá í skólakerfinu við hlið fræðslunnar. Þessi rök tengjast þeim greinarmun sem ég gerði á þjóðlifi og einkalífi. Áður en ég fjalla um þessi rök vil ég taka skyrt fram að ég er ekki að mæla með því að dregið verði úr fræðslu. Fræðslan er nauðsynlegt skilyrði menntunar. Raunar tel ég brýnt að gera fræðsluna markvissari en nú er, að minnsta kosti í grunnskólum, þar sem mér virðist oft skorta ákveðnari kröfur til nemenda um undirbúning og árangur í undirstöðugreinum. En þetta er útúrdúr. Aðalmálið er að án fræðslu tel ég engar líkur á að fólk menntist. Það er laukrétt hjá gamla manninum, sem Þorsteinn vitnaði til, að menn geta verið svo uppteknir við að læra að þeir menntist aldrei. En þar með er ekki sagt að menn geti menntast án þess að læra. Nútímaþjóðfélög krefst gífurlegrar fræðslu og ögunar af þegnum sínum;<sup>16</sup> og einn höfuðvandi skólakerfisins er einmitt að útbúa hvers kyns fræðsluefni í hendur nemenda og vanda sem best til þess. Gildi fræðslunnar verður seint ofmetið; hún má hins vegar aldrei verða til þess að útryðma menntuninni.

Hvaða sérstök rök mæla með því að eiginlegri menntun verði gert hærra undir höfði í skólakerfi okkar? Lítum aftur á samspilið í þjóðféluginu á milli þjóðlífins og einkalífsins. *Þjóðlifið*, sagði ég, er borið uppi af viðleitni manna til að skipuleggja samlíf sitt við hvers kyns framkvæmdir og framleiðslu; í þjóðlífinu mótað almenningsálit, tísku og tíðarandi; þar fer fram alls kyns hagsmunabarátta og skoðanaskipti. *Einkalífið* er hins vegar borið uppi af viðleitni einstaklinganna til að móta sitt eigið líf, bindast öðrum, þroskast og njóta lífsins eftir eigin höfði; hér verður fjölskyldan til og hvers kyns vinskapur, eigið mat á því sem máli skiptir í lífinu, að

<sup>16</sup> Það skyldi þó ekki vera að slæm umferðarmenning Íslendinga eigi rætur í agaleysi í skólum landsins?

vissu marki ólíkur lífsstíll frá einum manni til annars og frá einni fjölskyldu til annarrar.

Nú samtvinnast þjóðlifið og einkalífið ævinlega í raunveruleikanum; *þjóðlifið* býr einkalífinu ákveðin skilyrði og setur því márgvíslegar skorður; í *einkalífi* sínu fallast menn á þessi skilyrði eða skorður, reyna að brjótast undan þeim eða að breyta þeim. Afstaða manna til lífsins og þjóðfélagsins er jafnframt ólík eftir því á hvoru sviðinu þeir eru hverju sinni. Í *þjóðlífínu* eru menn virkir eða óvirkir þátttakendur í atvinnulífi, samtökum eða stofnunum á borð við skóla. Í *einkalífinu* eru menn virkir eða óvirkir neytendur lífsgæða og þá fyrst og fremst þess sem þjóðfélagið hefur upp á að bjóða. Hér er að mínum dómi meginrót þeirra vandamála sem við er að etja í þjóðfélagi okkar daga og þá einnig menntakerfinu. Þjóðfélag okkar – eins og önnur vestræn þjóðfélög – einkennist af síharðnandi átökum milli þjóðlífss og einkalífs. Þessi átök birtast í ótal þversögnum og uppákomum í lífi fólks.

Lítum fyrst á málið frá sjónarhóli einkalífsins. Hér blasir þjóðlifið við eins og risavaxin og illviðráðanleg vél sem gerir endalausar kröfur til manna um virkni, frammistöðu, árangur og vinnauskost; hér ganga menn inn í ákveðin hlutverk sem þeir verða að læra að leika og leika vel, ef þeir eiga að njóta sín og hljóta þau laun sem þeim eru lofuð. Hér kemur fræðslan til sögunnar: menn verða að læra og læra æ meira til þess að vera gjaldgengir í þjóðlífínu; krafan um „símenntun“ sprettur af þörfum þjóðlífins; sá sem ekki getur tileinkað sér nýja tækni og nýja tísku situr einfaldlega eftir í baráttunni um aukin afköst og árangur í starfi. Þjóðlifið allt einkennist af baráttu og samkeppni, ekki aðeins á vinnumarkaði, í stjórnmálum, í glímu við stofnanir og fyrirtæki, heldur einnig í líknarfélögum og á mannamótum þar sem menn þurfa að sýna sig í þeim hlutverkum sem þeir leika í þjóðféluginu; sjálfsímynd manna og álit annarra eru þjóðlífssfyrirbæri, sem ráðast í samkeppni um „vinsældir og áhrif“, svo vitnað sé til frægrar bókar sem kennir mönnum þá list að sýnast aðrir en þeir eru.

Lítum nú á málið frá sjónarhóli þjóðlífins. Hér blasir einkalífið við sem athvarf þar sem menn eiga að geta hvílst og safnað kröftum fyrir átökin úti í þjóðlífínu. Hér eiga menn jafnframt að njóta ávaxtanna af vinnu sinni og störfum, geta leyft sér að gera ekki,

nokkurn skapaðan hlut, vera lausir undan öllu álagi og frjálsir til að leika sér og sprella að eigin vild. Tómstundirnar eru hámark einkalífsins. Þær fylla menn eins og þeim sýnist með útivist, ferðalögum, bóklestri, sjónvarpsglápi, heimsóknum til vina, bíltúrum o.s.frv., ef menn kjósa ekki að gleyma sjálfum sér og veruleikanum og öðlast hina eftirsóttu „lífssyllingu“ með hjálp áfengis eða annarra vímuefna. Frá sjónarhóli þjóðlífssins er einkalífið þó fyrst og fremst griðastaður þar sem menn eiga að hlaða sig orku til að vera enn virkari í þjóðlífinu. Annars svíkjast menn undan merkjum og verða ónýtir til allra verka.

Nú er það forsenda þess að mál þjóðfélagsins, jafnt í einkalífi sem þjóðlifi, gangi vel fyrir sig, að fólk sé sæmilega sátt við sjálfst sig og það líf sem það lifir og sjái tilgang í hlutunum. Í reynd og þrátt fyrir öll ytri skilyrði virðist nútímafolk fjarri því að lifa í sátt við sjálfst sig: í þjóðlífinu er það yfirmáta stressað, í einkalífinu leiðist því upp til hópa, eða öfugt: mönnum leiðist vinnan í þjóðlífinu og bíða eftir því að komast í skjól einkalífsins, þar sem þó bíða ótal verkefni á heimilinu; og frá stressi heimilisins eru menn fegnir að komast aftur í vinnuna!

Auðvitað er þetta einungis almenn lýsing sem hver og einn, sem er sáttur við hlutskipti sitt jafnt í einkalífi sem þjóðlifi, getur mótmælt og sagt að ekki eigi við sig. Ég hef ekki minnstu löngun til að segja fólk i hvernig því líður! Það veit það vonandi best sjálfst. En hitt veit ég að við erum mörg hver snillingar í því að blekkja bæði sjálf okkur og aðra um það hvernig okkur raunverulega líður. Þessa snilli getur hver og einn lært: hana lærir maður með því að hugsa ávallt um annað en það hvernig honum líður, eða ef það tekst ekki, með því að að ákveða með sjálfum sér að svona skuli honum líða. Kannski líður manni þá loksins eins og manni finnst að manni eigi að líða. Þetta er tímanna tákn: fólk er endalaust að pæla í því hvernig því líði og hvernig örðrum líði. Þjóðfélagið keppist hins vegar við að segja öllum að þeim eigi að líða vel; það er eitthvað að, ef mönnum líður ekki vel, og þá verður að finna ráð við því. Í þjóðlifi sem einkalífi er því sífellt verið að leita uppi nýjar og greiðari leiðir að nýrri og meiri vellíðan. Værum við alltaf að leita ef okkur liði vel?

Rót vandas er í eðli þess þjóðfélags sem við erum að hamast við

að byggja upp. Og lausnin á vandanum býr jafnframt í þeim tækjum sem þetta sama þjóðfélag fær okkur í hendurnar. En þau tæki fást ekki í vörumörkuðum eða neinum þeim fyrirtækjum sem skipuleggja tómstundir okkar og framleiða „lífssyllingu“ á færibandí handa frjálsum og gráðugum neytendum. Þessi tæki eru skólanir: frá grunnskóla til háskóla. Þessi tæki eru núna nýtt til þess – mér liggar við að segja eingöngu til þess – að dæla fræðslu inn í fólk, fræðslu sem er fyrst og fremst miðuð við ímyndaðar eða raunverulegar þarfir þjóðlífssins, hinna ytri skilyrða, með þeirri afleiðingu að hin innri skilyrði manna til að takast sjálfir á við lífsvanda sinn eru hrikalega vanrækt. Hér er djúpstæð þversögn í menntakerfinu sjálfu: á sama tíma og þjóðlífíð vísar mönnum á einkalífið til að njóta lífsins og finna tilgang þess, vísa skólanir mönnum út í þjóðlífíð til að finna tilgang sinn í lífinu. Við þessar aðstæður hverfur „tilgangur lífsins“ út í buskann eins og hver önnur draumsýn, þegar veruleikinn kveður dyra á morgnana.

En þetta er einmitt blekking blekkinganna, því að lífið hefur tilgang, heimurinn er fullur af segurð og við hverri einstu manneskjú blasa heillandi verkefni, hver sem kjör hennar og hlutskipti eru, svo framarlega sem hún skynjar sjálfa sig eins og hún er, sem algerlega einstök uppsprettar merkingar sem ræður því sjálf hvað hún gefur af sér í lífinu og hvernig hún bregst við örlögum sínum eða hlutskipti. Þess vegna er ekkert verkefni brýnna í stjórnálum þessa lands en að móta menntakerfi, sem gefur þjóðfélagsþegnum kost á að nýta frelsi sitt eins og þeim sýnist til að gefa lífinu merkingu, til að vera sjálfráðar manneskjur, ábyrgar ekki aðeins fyrir eigin lífi, heldur líka fyrir lífi komandi kynslóða.